

að málspartar hafi verið kvaddir skriflega til sáttafundar, nje heldur, hvort þeir hafi komið á sáttafund sjálfir, eða aðrir af hendi þeirra, og hún yfir höfuð er óformleg, og fyrirmæla tilskipunar 20. janúar 1797, III. kap. þannig ekki er gætt, ber að dæma hinn áfrýjaða hjeraðsdóm ómerkan og að vísa málinu frá hjeraðsdómi. Málskostnaður fyrir yfirdómi virðist eptir atvikum eiga að falla niður.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði hjeraðsdómur á ómerkur að vera, og visast málinu frá hjeraðsdómi.

Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Mánudaginn 15. októbermán.

Nr. 24/1883

Rjettvísni

gegn

Guðmundi Þorsteinssyni.

Dómur:

Með eigin játningu hins ákærða, Guðmundar Þorsteinssonar og öðrum skýrslum, sem fengizt hafa undir rekstri málsins, er það löglega sannað, að hann síðast liðinn vetur og sumar hefur stolið frá ýmsum mönnum hjer í bænum 2 vasaúrum, 7 bókuum, einum vatnsstígvjelum fornum og einum silfur-skúfhólk. Öllum þessum munum stal hann án þess að brjóta upp hús eða hirzalur og seldi þá, nema annað úrið, sem hann fleygði í sjóinn. Þar að auki hefur hann selt sem sína eign eina bók, er honum hafði verið fengin í hendur til að koma í bókband.— Hinir stolnu og ranglega fengnu munir hafa verið

virtir rúmar 60 krónur, og hefur sumum þeirra verið skilað aptur, en endurgjalds að eins verið krafizt fyrir bæði úrin og 2 bækur. Fyrir þetta brot er hinn ákærði, sem er fæddur 27. júlí 1866, dæmdur í aukarjetti Reykjavíkur kaupstaðar eptir 230. og 22. gr. hegningarlagaanna í 20 daga einfalt fangelsi, sem og til að greiða allan kostnað af málinu, og í iðgjöld samtals 44 krónur, en þeim dómi er af hálfu rjettvisinnar áfrýjað til yfirdómsins.

Hegning sú, sem hinn ákærði hefur unnið til fyrir þessi afbrot sín samkvæmt 230. og 255. sbr. 22. gr. hegningarlagaanna, virðist hæfilega metin 40 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, og ber honum að greiða í iðgjöld til agents Lambertsens 50 krónur og til Guðjóns Einarssonar 3 krónur. Svo ber honum og að greiða allan af málinu og varðhaldi sínu löglega leiðandi kostnað, þar á meðal málsfærslulaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum, 10 krónur til hvors þeirra.

Rekstur málsins í hjerði og sókn og vörn þess fyrir yfirdóminum hefur verið lögmat.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn ákærði, Guðmundur Þorsteinsson, á að sæta fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 40 daga og greiða iðgjöld til agents Lambertsens 40 krónur og til Guðjóns Einarssonar 3 krónur. Svo ber honum og að borga allan af málinu og varðhaldi sínu löglega leiðandi kostnað, þar á meðal í málsfærslulaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum, mála-

flutningsmannanna Páls Melsteðs og Þorsteins Jónssonar, 10 krónur til hvors þeirra.

Ídæmd iðgjöld ber að greiða innan 8 vikna frá löglegri birtingu dóms þessa, og honum að fullnægja undir aðför að lögum.

Nr. 1/1883.

Jón Ólafsson  
gegn  
Indriða Einarssyni.

#### Dómur:

Mál þetta er svo vaxið, að Indriði endurskoðari Einarsson áleit virðingu sinni misboðið í ritgjörð nokkurri er stóð í 146. tölublaði blaðsins „Skuldar“, er út kom 21. marz f. á., og hefur ritgjörð þessi þá yfirskrift: „Misbrúkun á landssjóði“, og er undirskrifuð af einhverjum er nefnir sig „jota subscriptum“.

Sökum þessa stefndi endurskoðari Indriði ritstjóra og ábyrgðarmanni blaðsins, Jóni alþingismanni Ólafssyni, og fjekk hann með dómi bæjarþingsrjettar Reykjavíkur kaupstaðar, gengnum 6. júlí næsta eptir, dæmdan í 100 kr. sekt, og meiðyrðin, sem nefnd eru í ástæðum dómsins, dæmd dauð og ómerk, og Jón Ólafsson skyldaðan til að greiða sjer 15 krónur í málskostnað.

Þessum dómi hefur nú fyrr tjeður Jón Ólafsson áfrýjað til yfirdómsins með stefnu, dagsettri 6. janúar þ. á., og heimað sig dæmdan sýknan af kærnum og kröfum hins stefnda, og sjer dæmdan hæfilegan málskostnað fyrir báðum rjettum, eður að hann